

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/320
komudagur 21.11.2011

Reykjavík, 16. nóvember 2011

Efni: Umsögn Samtaka verslunar og þjónustu um tillögu til þingsályktunar um samanagerðarrannsókn á túlkun reglna EES-samningsins, 94. mál

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 9. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um tillögu til þingsályktunar um samanagerðarrannsókn á túlkun reglna EES-samningsins er varða viðskipti, samkeppni og styrkjakerfi í iðnaði, landbúnaði og öðrum atvinnugreinum, 94. mál.

SVÞ hafa kynnt sér efni framangreindrar tillögu til þingsályktunar. SVÞ vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

SVÞ leggja almennt áherslu á að við mat á viðeigandi gerðum Evrópusambandsins sem og við upptöku þeirra í EES-samninginn sé ávallt haft að leiðarljósi sérstakar aðstæður Íslands. Í því samhengi vísa SVÞ m.a. til umfjöllunar um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum í greinargerð með tillögum. Taka SVÞ einnig undir þau ummæli sem fram koma í greinargerðinni þar sem segir að ekki gengur án skoðunar að innleiða og taka til notkunar reglur sem hafa hamlandi áhrif, eru kostnaðarsamar og geta ráðið úrslitum um möguleika ákveðinna greina til áframhaldandi starfa

Er því mikilvægt að ávallt sé leitað leiða til að fá viðurkennda sérstöðu landsins og um leið hvort sú efnislega aðlögun sem kann að standa til boða verði nýtt sé hennar þörf. Um leið leggja samtökin ríka áherslu að við innleiðingu á löggjöf EES-samningsins í innlandan rétt sé slíkt gert með eins einföldum hætti og hægt er og kostnaði fyrir innlendra aðila haldið í lágmarki.

Að öðru leyti gera SVÞ ekki frekari athugasemdir við efni framangreindrar tillögu til þingsályktunar að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
f.h. SVÞ



Lára M.K. Ólafsson
lögfræðingur